

**Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið**
Dagsetning: **24.01.2019**
Málsnúmer: **SRN18010108**
Bréfalykill: **3.7**

Efni: Samgönguáætlun 2019-2033 - Markmið um varaflugvelli

Í umsögnum íslenskra flugrekenda til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um samgönguáætlun hafa komið fram áhyggjur af því að uppbygging millilandaflugvallanna í Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum hafi ekki fylgt þeim ævintýralega vexti sem hefur orðið í millilandaflugi undanfarin 5-10 ár. Lokist Keflavíkurflugvöllur er til dæmis rými fyrir 4-6 vélar á flughlaði flugvallanna en á háannatíma eru 30 -40 vélar á leiðinni til landsins á sama tíma. Þá eru flugstöðvar á flugvöllum litlar, gerðar fyrir farþega í innanlandsflugi fyrir flugvélar sem bera mest 70-80 farþega.

Í kafla 4.2, þar sem skilgreind eru verkefni um markmið um öryggi í samgöngum. Það er mat ráðuneytisins að tilefni sé til þess að bæta inn atriði, sem varðar varaflugvelli, t.d.:

- Unnið verði að því að bæta net millilandaflugvalla á Íslandi til að tryggja að það hafi getu til að þjóna sem varaflugvellir fyrir vaxandi flugumferð til og frá landinu með fullnægjandi hætti.